

130. þingflokksfundur, mánudaginn 12. október 2015 kl. 10.

Fundinn sitja: Alla, Ásta, Birgitta, Björn Leví, Halldóra og Helgi Hrafn.
Berglind Rósa ritar fundargerð

1. Dagskrá

Þingflokksformaður fór yfir dagskrá fundarins með viðstöddum

2. Fundargerðir

Ákveðið að Alla og Berglind sendi þingflokki gamlar fundargerðir sem á eftir að samþykkja.

3. Action Items

Farið var yfir action items.

4. Þinghaldið og dagskráin okkar fram að jólum

Rætt var um dagskrá þingflokksins fram að jólum. Stefnt er að því á Halldóra komi inn sem varamaður Helga aðra vikuna í nóvember. Alla og Birgitta fara á þing IPU í Genf í næstu viku. Birgitta gerir jafnframt ráð fyrir að fara á loftslagsráðstefnuna í París fyrstu vikuna í desember, en á eftir að fá það staðfest. Ásta fer mögulega á ráðstefnu Copy Camp í Glasgow í nóvember.

5. Gestakomur, beiðnir um fundi o.fl.

Farið var yfir beiðnir um fundi verkum skipt.

6. Málaskrá ríkisstjórnarinnar

Farið var yfir þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar lið fyrir lið í stuttu máli. Að því loknu voru einstök mál tekin fyrir.

Hádegishlé.

7. Framlagning nýrra þingmála - fyrirspurnir o.fl.

Farið var yfir þingmál þingflokksins og möguleg ný þingmál. Líklegt er að Opcat, 6. mál, verði afgreitt fyrir jól. Björn Leví gerði viðstöddum grein fyrir þeim þremur þingmálum sem hann hyggst leggja fram þegar hann kemur inn sem varamaður í lok vikunnar. 12. mál um sjálfstætt eftirlit með starfsemi lögreglunnar er í umsagnarferli í nefnd, sem og mál 18, um upplýsinga og sannleiksskyldu ráðherra. Fyrirhugað þingmál um þak á verðtryggð og óverðtryggð húsnæðismál er umdeilt en Birgitta vakti athygli á því að ekki er verið að tala um afturvirka aðgerð. Helgi vakti athygli á gömlum málum Jóns Þórs og er vilji fyrir að vinna áfram með þau.

8. Fjárlögin

Ákveðið var að Alla og Berglind færu betur yfir finnsku leiðina varðandi opnun fjárlaga. Helgi Hrafn hefur gert breytingartillögur varðandi framlög til umboðsmanns Alþingis og Fangelsismálastofnunar og vill vinna málið með minnihlutunum. Ásta nefndi skatt á fólksflutningsfyrirtæli og skoða hvort þurfi að gera breytingartillögur svo skatturinn næði ekki til strætósamgangna. Beðið er eftir að sjá Immi í fjárlögunum.

9. Tillögur stjórnarskrárnefndar

Alla gerði ítarlega grein fyrir þeim fjórum ákvæðum til breytinga á stjórnarskrá sem unnið hefur verið að í stjórnarskrárnefndinni, þ.e. varðandi náttúruauðlindir, umhverfisvernd, fullgildingu alþjóðasamninga og þjóðaratkvæði. Rætt var um framsögu á málinu þegar það kemur fram. Viðstaddir skiptust á skoðum um tillögur nefndarinnar. Alla heldur þingflokknum upplýstum um gang mála.

10. Starfið í fíknó

Helgi Hrafn gerði grein fyrir gangi mála í starfshópnum um fíkniefnamál. Tekin hefur verið ákvörðun um að nefndin verði varanleg. Alla fór á ráðstefnu Snarrótar ræddi stuttlega um hvað þar fór fram.

11. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2014

Alla gerir samantekt úr skýrslunni og sendir þingflokki.

Fundi slitið kl. 17.30.